

Nefndarálit

um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2014.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Frumvarpinu var vísað til fjárlaganefndar eftir 2. umræðu miðvikudaginn 18. desember. Nefndin fékk fulltrúa fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Seðlabanka Íslands á fund sinn vegna aðgerðaáætlunar ríkisstjórnarinnar um höfuðstólslækkun húsnæðislána. Þær aðgerðir mynda jafnframt uppistöðuna í tillögum meiri hlutans við 3. umræðu málsins. Af þessum sökum eru óvenju háar fjárhæðir bæði tekna- og gjaldamegin sem meiri hlutinn leggur til við 3. umræðu frumvarpsins.

Heildarfjárhæðir frumvarpsins og breytingar í tillögum meiri hlutans koma fram í töflunni.

Millj. kr.	Frumvarp	2. umr. tillögur	3. umr. tillögur	Samtals
Heildartekjur	587.554,3	4.264,4	21.244,0	613.063,2
Heildargjöld	587.095,6	4.061,9	20.978,4	612.135,9
Heildarjöfnuður	458,7	203,0	265,6	927,3

Heildaráhrif aðgerðanna eru metin á u.þ.b. 150 milljarða kr. og dreifast á fjögur ár, 2014–2017. Þar af er umfang leiðréttingar verðtryggðra húsnæðislána talið verða um 80 milljarðar kr. og höfuðstólslækkun með nýtingu iðgjalda sem ella hefðu farið í séreignarlífeyrissparnað um 70 milljarðar kr. Á þessu stigi verður að hafa fyrirvara á því að þetta mat er háð ákveðinni óvissu. Ráðstafanirnar fela í sér að ríkissjóður hefur milligöngu um fjármögnun og framkvæmd niðurfærslu á húsnæðisskuldum heimilanna. Ekki verður því þörf á stofnun leiðréttingarsjóðs í þessu skyni. Í þessari stefnumörkun er gert ráð fyrir að hrein áhrif á afkomu ríkissjóðs verði óveruleg fyrir hvert ár á tímabilinu. Á móti útgjöldunum vegur að ætlunin er að hækka álagningu bankaskatts þar sem fjármálastofnanir í slitameðferð verði ekki undanþegnar.

Þessar ráðstafanir munu hafa fáar en veigamiklar breytingar í för með sér í fjárlögum næstu fjögur árin, bæði á tekju- og gjaldahlið, þannig að velta ríkissjóðs verður um 21 milljarði kr. meiri án teljandi áhrifa á afkomuna.

Fyrirhugað er að leggja fram frumvörp snemma á næsta ári í tengslum við þessar ráðstafanir þar sem nánari skýringar, afmörkun og útfærsla á tekju- og útgjaldaáformum koma fram. Þau frumvörp munu byggjast á fyrirliggjandi tillögum sérfræðinganeftar um málefnið.

Gert er ráð fyrir því að árlegar skatttekjur ríkissjóðs af bankaskatti hækki um u.þ.b. 23 milljarða kr. næstu fjögur árin til viðbótar þeim 14,3 milljörðum kr. sem reiknað var með í forsendum frumvarpsins. Áætlað er að 20 milljörðum kr. verði ráðstafað á útgjaldahlið til höfuðstólslækkunar og til greiðslu á vanskilum, vöxtum og vaxtabótum af húsnæðisskuldum heimilanna. Þá er talin þörf á að ráðstafa á bilinu 2–4 milljörðum kr. til að mæta lækkun sem

verður á tekjuskatti einstaklinga vegna aukins skattafsláttar af greiðslum í séreignarlífeyris-
sjóði og öðrum kostnaði sem fellur til vegna aðgerðanna.

Framkvæmd aðgerðanna verður með þeim hætti að fyrir liggur stefnumörkun ríkisstjórnar-
innar um að ríkissjóður muni greiða upp öll leiðréttingarlán á fjórum árum. Endanleg ráðstöf-
un verður þó ávallt ákvörðun Alþingis við árlega afgreiðslu fjárlaga. Heimili Alþingi ekki
fjárveitingar til aðgerðanna á einhverjum tímapunkti, þá stendur ábyrgð lántakanda gagnvart
fjármálastofnunum eins og hún var fyrir uppskiptingu lánsins í frumlán og leiðréttingarlán,
að frádreginni þeirri greiðslu sem ríkissjóður hefur þegar innt af hendi.

Þar sem talsverð óvissa er enn um ýmsar forsendur og útfærslu í tengslum við þessar að-
gerðir verður að gera fyrirvara um að meðfylgjandi uppstilling á breytingum á tekju- og út-
gjaldahlið fjárlaga muni þurfa að koma til endurskoðunar við umfjöllun Alþingis um frum-
varp til fjárukalaga fyrir næsta ár þegar fyrirkomulagið liggur betur fyrir.

Í eftirfarandi töflu eru tekin saman tekju- og útgjaldaáhrif framangreindra ráðstafana til
lækkunar á höfuðstól húsnæðislána sem meiri hlutinn gerir tillögu um við 3. umræðu máls-
ins.

Áhrif á fjárlagafrumvarp 2014 í milljörðum króna.

Tekjuáhrif	21,2
Hækkun á bankaskatti í 0,376%	23,0
Tekjutap ríkissjóðs vegna úttektar á séreignarsparnaði frá 1.7.2014	-1,8
Útgjaldaáhrif	-20,5
Lækkun á höfuðstól húsnæðislána á fjórum árum	-20,0
Aukið framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna hærri skatttekna	-0,4
Framkvæmd útgreiðslna til skuldaleiðréttingar og eftirlit	-0,1
Samtals áhrif á afkomu ríkissjóðs	0,7

Eins og fram kemur í töflunni er grunnforsenda þessarar tillögugerðar að aðgerðirnar raski
ekki afkomu ríkissjóðs. Til þess að sú forsenda haldi þarf að tryggja að við gerð fjárlaga
næstu árin verði að hámarki 20 milljörðum kr. ráðstafað til niðurfærslu, vaxta og verðbóta
leiðréttingarlána og staðið verði þannig að málum að ekki verði mögulegt að auka þau út-
gjöld innan fjárlagaárs eða við gerð fjárukalaga. Einnig þarf að tryggja að ef fjármögnun
með bankaskatti skilar ekki öllum þeim tekjum sem á þarf að halda árlega verði brugðist við
því.

Auk fyrrgreindra tillagna gerir meiri hlutinn tillögu um nokkrar gjaldaheimildir, eina
tekjufærslu og millifærslur. Þá eru nokkrar breytingartillögur sem fjárlaganefnd stendur að
í heild sinni. Þær snúa einkum að hækkun framlaga til sjóða og framhaldi verkefnis Byggða-
stofnunar um brothættar byggðir, auk þess sem fallið er frá fyrri áformum um legugjald hjá
sjúkrahúsum. Einnig eru framlengd vinnumarkaðsverkefni sem Vinnumálastofnun hefur unn-
ið að með fjármögnun frá Atvinnuleysisstryggingasjóði.

Skýringar við breytingartillögur á tekjuhlið.

1.1.1 Skattar á tekjur og rekstrarhagnað einstaklinga -1.800,0

1.1.1.1 Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla

Ákvörðun ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Fjármálaráðuneyti

Gert er ráð fyrir að aðgerðir til lækkunar á húsnæðislánum með ráðstöfun iðgjalda sem ella hefðu runnið í séreignarsparnað til greiðslu fasteignalána muni draga úr tekjuskatti einstaklinga til ríkissjóðs sem nemur 1,8 mia.kr. á næsta ári. Hér er um að ræða ráðstafanir til lækkunar á húsnæðisskuldum heimilanna í samræmi við fyrirbyggjandi stefnumörkun ríkisstjórnarinnar. Annars vegar er áformað að heimild til séreignarsparnaðar hækki úr 2% í 4% af launum á miðju næsta ári. Hins vegar má gera ráð fyrir að einstaklingum sem nýta sér séreignarsparnað fjölgi þar sem tekjurnar sem ráðstafað er í greiðslu inn á höfuðstól húsnæðislána eru skattfrjálstar. Báðir þættirnir leiða af sér að lægra hlutfall af tekjum einstaklinga verður skattskyld þar sem tekjurnar munu í staðinn renna skattfrjálst inn á höfuðstól fasteignalána. Við það bætist sá hópur sem kynni að nýta sér rétt til að verja séreignarlífeyrissparnaði inn á húsnæðissparnaðarreikninga.

Samtals skattar á tekjur og hagnað -1.800,0

2.2.1.5 Atvinnuþryggingargjald 0,0

2.2.1.5.1 Hluti Atvinnuleysisstryggingasjóðs í atvinnuþryggingargjaldi

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Breytt ráðstöfun á mörkuðum tekjum af atvinnuþryggingargjaldi til samræmis við fjárþörf sjóðsins.

Samtals tryggingagjöld 0,0

6.1 Aðrir skattar á atvinnurekstur 23.000,0

6.1.30 Gjald á bankastarfsemi

Ákvörðun ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Fjármálaráðuneyti

Gert er ráð fyrir að árlegar skatttekjur ríkissjóðs af bankaskatti hækki um 23 mia.kr. næstu fjögur árin frá því sem reiknað var með í forsendum fjárlagafrumvarpsins. Það verði gert með því að bankaskattur hækki í 0,376% og felld verði niður undanþága fyrir fjármálastofnanir í slitameðferð. Jafnframt verði tekið upp frískuldamark upp á 50 mia.kr. sem dregur úr álögum á smærri fjármálastofnanir. Þessari auknu tekjuöflun er ætlað að styrkja stöðu ríkissjóðs í tengslum við ráðstafanir til niðurfærslu á fasteignaskuldum heimila vegna forsendubrests sem varð á lánakjörum í kjölfar falls bankanna haustið 2008.

Samtals aðrir skattar 23.000,0

9.1.3.30.5 Önnur eftirlitsgjöld 44,0

9.1.3.30.5.59 Eftirlitsgjöld vegna dýrahalds

Ákvörðun ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Fjármálaráðuneyti

Gert er ráð fyrir að innheimt verði 44 m.kr. gjöld af eignum og umsjónaraðilum dýra vegna eftirlits Matvælastofnunar með dýrahaldi í landinu samkvæmt nýrri löggjöf.

Samtals ýmsar tekjur 44,0

Samtals alla tekjuliði 21.244,0

Skýringar við breytingartillögur á gjaldahlið.

00-201 Alþingi	-44,0
1.07 Sérverkefni <i>Millifært</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Lagt er til að 44 m.kr. tímabundið framlag til undirbúnings fyrir 100 ára afmæli kosningarréttar kvenna sem samþykkt var við 2. umræðu verði millifært á sérstakan lið, 00-212-1.01 100 ára afmæli kosningarréttar kvenna.
00-212 100 ára afmæli kosningarréttar kvenna	44,0
1.01 100 ára afmæli kosningarréttar kvenna <i>Millifært</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Lagt er til að 44 m.kr. tímabundið framlag til undirbúnings fyrir 100 ára afmæli kosningarréttar kvenna sem samþykkt var við 2. umræðu verði millifært á sérstakan lið, 00-212-1.01 100 ára afmæli kosningarréttar kvenna.
<i>Samtals æðsta stjórn ríkisins 0,0</i>	
01-261 Óbyggðanefnd	10,0
1.01 Óbyggðanefnd <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um að draga úr aðhaldskröfu til nefndarinnar sem samþykkt var við 2. umræðu um sem nemur 10 m.kr. þannig að ekki komi til frekari dráttar á störfum nefndarinnar.
<i>Samtals forsætisráðuneyti 10,0</i>	
02-201 Háskóli Íslands	20,0
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 20 m.kr. tímabundna fjárveitingu til tveggja ára til þess að auðvelda Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands að fjármagna kaup á örgreini sem er nauðsynlegur vegna efna- og öskugreininga þegar eldgos verður í landinu, en þegar slíkar náttúruhamfarir eiga sér stað er brýnt að fá niðurstöður efnagreininga sem fyrst.
02-236 Rannsóknasjóður	50,0
1.10 Rannsóknasjóður <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 50 m.kr. tímabundið framlag til sjóðsins til eflingar vísindarannsóknnum.
02-319 Framhaldsskólar, almennt	242,2
1.41 Framkvæmd nýrrar skólafestnu <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 242,2 m.kr. hækkun vegna aðgerða til að bæta menntun fólks á vinnumarkaði, draga úr brotthvarfi og efla starfsmenntun í tengslum við innleiðingu aðalnámskrár framhaldsskóla og frekari stefnumótun stjórnvalda.
02-320 Nám á framhaldsstigi vegna aðstæðna á vinnumarkaði	-242,2
1.01 Nám á framhaldsstigi vegna aðstæðna á vinnumarkaði <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 242,2 m.kr. lækkun fjárheimilda vegna verkefnisins Nám er vinnandi vegur sem ætlað er að standa straum af kennslukostnaði atvinnuleitenda og yngra fólks í framhaldsskólum, háskólum og frumgreinadeildum. Vegna minnkandi aðsóknar atvinnuleitenda samfara betra atvinnuástandi hafa þessar fjárheimildir ekki verið nýttar að fullu. Hluti fjárheimildanna er því felldur niður en ætlunin er að verja hluta til aðgerða til að bæta menntun fólks á vinnumarkaði, draga úr brotthvarfi og efla starfsmenntun í tengslum við innleiðingu aðalnámskrár framhaldsskóla og frekari stefnumótun stjórnvalda.

02-982 Listir	25,0
1.11 Myndlistasjóður <i>Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 25 m.kr. tímabundið framlag til sjóðsins til eflingar á framlögum til skapandi greina.

02-982 Listir	25,0
1.12 Hönnunarsjóður <i>Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 25 m.kr. tímabundið framlag til sjóðsins til eflingar á framlögum til skapandi greina.

Samtals mennta- og menningarmálaráðuneyti 120,0

04-234 Matvælastofnun	44,0
1.01 Matvælastofnun <i>Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 44 m.kr. fjárheimild vegna nýrra laga um velferð dýra og búfjárefartilrit sem öðlast munu gildi í ársbyrjun 2014.

04-234 Matvælastofnun	30,0
1.01 Matvælastofnun <i>Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 30 m.kr. tímabundið framlag til að innleiða nýja löggjöf um velferð dýra.

04-542 Byggðastofnun	50,0
1.10 Byggðastofnun <i>Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Alþingi</i>	Gerð er tillaga um að 50 m.kr. tímabundið framlag í fjárlögum yfirstandandi árs verði framlengt um eitt ár. Um er að ræða framlag til sértækra aðgerða í fámennum byggðarlögum sem búa við bráðan vanda vegna fólksfækkunar, einhæfs atvinnulífs, fækkunar starfa og hækkandi meðalaldurs íbúanna.

Samtals atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti 124,0

06-651 Vegagerðin	-30,0
1.21 Rannsóknir <i>Millifært Samþykkt á Alþingi Alþingi</i>	30 m.kr. framlag til rannsókna á samgöngukostum milli Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðar er millifært yfir á annað viðfangsefni innan Vegagerðarinnar, 6.10 Framkvæmdir.

06-651 Vegagerðin	30,0
6.10 Framkvæmdir <i>Millifært Samþykkt á Alþingi Alþingi</i>	30 m.kr. framlag til rannsókna á samgöngukostum milli Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðar er millifært af öðru viðfangsefni innan Vegagerðarinnar, 1.21 Rannsóknir.

06-841 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	449,0
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög <i>Lögbundið</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um að fjárheimild liðarins hækki um 449 m.kr. í samræmi við áætlun um lögboðið framlag í sjóðinn af skatttekjum ársins 2014. Með hækkun á bankaskatti umfram lækkun á tekjuskatti einstaklinga í tengslum við ráðstafanir til niðurfærslu á húsnæðisskuldum heimila eykst framlagið í sjóðinn þar sem það miðast samkvæmt lögum við 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs á ári hverju.
Samtals innanríkisráðuneyti 449,0	
08-358 Sjúkrahúsið á Akureyri	22,1
1.01 Sjúkrahúsið á Akureyri <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Fallið er frá 22,1 m.kr. hækkun sértekna sem áætluð var í frumvarpinu vegna gjalds fyrir hvern legudag einstaklings á sjúkrahúsi.
08-373 Landspítali	199,5
1.01 Landspítali <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Fallið er frá 199,5 m.kr. hækkun sértekna sem áætluð var í frumvarpinu vegna gjalds fyrir hvern legudag einstaklings á sjúkrahúsi.
08-388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	20,0
1.10 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 20 m.kr. framlengingu á tímabundnu framlagi til þess að byggja upp þjónustu SÁÁ við eldri borgara.
08-716 Heilbrigðisstofnun Vesturlands	22,2
1.11 Sjúkrasvið <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Fallið er frá 22,2 m.kr. hækkun sértekna sem áætluð var í frumvarpinu vegna gjalds fyrir hvern legudag einstaklings á sjúkrahúsi.
08-726 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	5,9
1.11 Sjúkrasvið <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Fallið er frá 5,9 m.kr. hækkun sértekna sem áætluð var í frumvarpinu vegna gjalds fyrir hvern legudag einstaklings á sjúkrahúsi.
08-757 Heilbrigðisstofnun Norðurlands	7,2
1.11 Sjúkrasvið <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Fallið er frá 7,2 m.kr. hækkun sértekna sem áætluð var í frumvarpinu vegna gjalds fyrir hvern legudag einstaklings á sjúkrahúsi.
08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands	9,4
1.11 Sjúkrasvið <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Fallið er frá 9,4 m.kr. hækkun sértekna sem áætluð var í frumvarpinu vegna gjalds fyrir hvern legudag einstaklings á sjúkrahúsi.

08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands	11,6
1.11 Sjúkrasvið <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Fallið er frá 11,6 m.kr. hækkun sértekna sem áætluð var í frumvarpinu vegna gjalds fyrir hvern legudag einstaklings á sjúkrahúsi.
08-791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	11,5
1.11 Sjúkrasvið <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Fallið er frá 11,5 m.kr. hækkun sértekna sem áætluð var í frumvarpinu vegna gjalds fyrir hvern legudag einstaklings á sjúkrahúsi.
08-841 Vinnumálastofnun	0,0
1.01 Vinnumálastofnun <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um hækkun gjalda og sértekna um 250 m.kr. til þess að auknar heimildir séu fyrir hendi fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð vegna greiðsluþátttöku hans í rekstri Vinnumálastofnunar. Millifærslan er tímabundin til eins árs og gert er ráð fyrir því að verulega verði dregið úr verkefnum stofnunarinnar fyrir sjóðinn á næstu árum.
08-851 Atvinnuleysistryggingasjóður	-142,0
1.11 Atvinnuleysisbætur <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um samtals 34 m.kr. lækkun á fjárlagaliðnum í heild. Í því felst 250 m.kr. lækkun á viðfangsefni 1.15 sem er umsýslukostnaður sjóðsins vegna verkefna sem Vinnumálastofnun annast fyrir hönd sjóðsins. Þá er lagt til að bóталиðurinn 1.11 lækki um 142 m.kr. með auknu eftirliti Vinnumálastofnunar og að liðurinn 1.35 lækki um 142 m.kr. þar sem ætlunin er að draga úr úrræðum sem fjármöggnuð eru af þessum lið.
08-851 Atvinnuleysistryggingasjóður	250,0
1.15 Umsýslukostnaður vegna Atvinnuleysistryggingasjóðs <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um samtals 34 m.kr. lækkun á fjárlagaliðnum í heild. Í því felst 250 m.kr. lækkun á viðfangsefni 1.15 sem er umsýslukostnaður sjóðsins vegna verkefna sem Vinnumálastofnun annast fyrir hönd sjóðsins. Þá er lagt til að bóталиðurinn 1.11 lækki um 142 m.kr. með auknu eftirliti Vinnumálastofnunar og að liðurinn 1.35 lækki um 142 m.kr. þar sem ætlunin er að draga úr úrræðum sem fjármöggnuð eru af þessum lið.
08-851 Atvinnuleysistryggingasjóður	-142,0
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um samtals 34 m.kr. lækkun á fjárlagaliðnum í heild. Í því felst 250 m.kr. lækkun á viðfangsefni 1.15 sem er umsýslukostnaður sjóðsins vegna verkefna sem Vinnumálastofnun annast fyrir hönd sjóðsins. Þá er lagt til að bóталиðurinn 1.11 lækki um 142 m.kr. með auknu eftirliti Vinnumálastofnunar og að liðurinn 1.35 lækki um 142 m.kr. þar sem ætlunin er að draga úr úrræðum sem fjármöggnuð eru af þessum lið.

Samtals velferðarráðuneyti 275,4

09-825 Niðurfærsla á verðtryggðum húsnæðisskuldum heimila **115,0**

1.01 Verkefnisstjórn um niðurfærslu á verðtryggðum húsnæðisskuldum heimila

Ákvarðanir ríkisstjórnar

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 115 m.kr. rekstrarframlag á þessum fjárlagalið. Fyrirhugað er að komið verði á fót verkefnisstjórn á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins til að skipuleggja þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að hrinda í framkvæmd niðurfærslum á fasteignaskuldum í samræmi við fyrirliggjandi stefnumörkun ríkisstjórnarinnar. Helstu viðfangsefni verkefnisstjórnarinnar verða að gera tímasettar verk- og kostnaðaráætlanir, semja lagafrumvörp, svo sem um heimildir til ráðstöfunar á séreignarlífeyri, lagaheimildir til að setja fram þau viðmið um greiðslur úr ríkissjóði sem bein höfuðstólslækkun byggist á nema talið verði fært að framkvæma aðgerðina á svipaðan hátt og 110% leiðina, þ.e. með reglum sem byggjast á samkomulagi hlutaðeigandi aðila, lagaheimildir fyrir notkun gagna hjá RSK og eftir atvikum lánastofnunum til að framkvæma aðgerðirnar. Einnig mun verkefnisstjórnin annast um að semja við lánastofnanir um tæknilega útfærslu skuldalækkunar og framkvæmdina á greiðslu leiðréttingarluta íbúðalána, hafa eftirlit með því að lánastofnanir framkvæmi endurútreikninginn með samræmdum hætti, jafnvel með aðkeyptri yfirferð endurskoðendastofa, og gera úttekt á áhrifum skuldaniðurfærslunnar á mismunandi þjóðfélags- og tekjuhópa. Gerð hefur verið lausleg áætlun um helstu kostnaðarþætti í starfi verkefnisstjórnarinnar sem miðast við að 115 m.kr. falli til árið 2014 en ljóst þykir að þá áætlun muni þurfa að endurmeta þegar skýrari mynd liggur fyrir um viðfangsefni sem leysa þarf úr.

09-825 Niðurfærsla á verðtryggðum húsnæðisskuldum heimila **19.885,0**

1.11 Niðurfærsla á verðtryggðum húsnæðisskuldum heimila

Ákvarðanir ríkisstjórnar

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Gerð er tillaga á þessum nýja fjárlagalið um 19.885 m.kr. fjárheimild til að greiða niður tiltekinn hluta verðtryggðra húsnæðislána heimila samkvæmt skilyrðum og skilmálum sem verða tilgreind nánar í sérstöku lagafrumvarpi á vorþingi. Hér er um að ræða ráðstafanir til lækkunar á húsnæðisskuldum heimilanna í samræmi við fyrirliggjandi stefnumörkun ríkisstjórnarinnar. Fjárheimildinni verði ráðstafað til að létta greiðslubyrði heimila með lækkun á höfuðstól verðtryggðra skulda og greiðslum á vanskilum, vöxtum og vaxtabótum af slíkum skuldum.

Fyrirhugað er að verðtryggð húsnæðislán verði færð niður um fjárhæð sem svarar til verðbóta umfram tiltekið viðmið frá desember 2007 til ágúst 2010. Þetta er talið svara til um 13% leiðréttingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar en þó verði að hámarki 4 m.kr. á hvert heimili. Gert er ráð fyrir að fyrirkomulagið geti orðið með þeim hætti að öllum verðtryggðum lánnum sem leiðréttingin nær til verði skipt upp í tvo greiðsluhluta: frumlán og leiðréttingarlán. Lántaki greiði einungis vexti og verðbætur af frumláni og áhrif höfuðstólslækkunar komi því strax fram í formi lægri greiðslubyrði lántaka. Áætlað er að þessi ráðstöfun muni lækka greiðslubyrði þeirra um sem nemur 80 mia.kr. Ríkissjóður greiði af höfuðstól leiðréttingarlánanna, u.þ.b. 1/4 hluta þeirra á ári, en þar til höfuðstóll hefur verið greiddur upp er lántaki áfram skuldari þeirra. Í þessari ráðstöfun á 80 mia.kr. framlögum úr ríkissjóði felst einnig að ríkissjóður greiðir vanskil, vexti og verðbætur af leiðréttingarlánnum auk kostnaðar við framkvæmd þessara ráðstafana. Til frádráttar koma fyrri úrræði til lækkunar höfuðstóls sem lántakandi hefur notið.

Samtals fjármála- og efnahagsráðuneyti 20.000,0

Samtals öll ráðuneyti 20.978,4

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum þeim sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjöllum.

Alþingi, 19. desember 2013.

Vigdís Hauksdóttir,
form., frsm.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Willum Þór Þórsson.

Haraldur Benediktsson.

Karl Garðarsson.

Valgerður Gunnarsdóttir.